

Nd. **30. Frumvarp til laga** [30. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímansdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

10. mgr. 16. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 97/1980) orðist svo:

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða tvíburafæðingu og einn mánuð fyrir hvert barn að auki ef fæðast fleiri í einu. Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er sú breyting ein lögð til að komið verði í frekari mæli til móts við foreldra fleirbura og fæðingarorlof í þeim tilvikum lengt.

Á s. l. sumri kom fram ósk um lengingu fæðingarorlofs vegna erfiðra aðstæðna hjá foreldrum þrúbura sem búsettir eru utan Reykjavíkur, en lagaheimild skorti til þess að unnt væri að verða við henni, þó að fullur vilji hafi eflaust verið fyrir því.

Flutningsmenn telja það sanngirnismál að fæðingarorlof verði lengt frekar þegar fleiri en tvö börn fæðast.